

Fundargerð

1. fundur í Ungmennaráði Skaftárhrepps haldinn þann 12. apríl 2021 í gegnum fjarfundarforritið Zoom kl. 16:00

Mætt: Maríanna Katrín Bjarkadóttir, Heiðrún Hrund Sigurðardóttir og Svava Margrét Sigmarsdóttir. Gestur fundarins var Sandra Brá Jóhannsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og ritara

Maríanna Katrín Bjarkadóttir kjörin formaður og Heiðrún Hrund Sigurðardóttir ritari.

2. Erindisbréf ungmennaráða

Sandra sendir erindisbréf Ungmennaráðs Suðurlands á nefndarmenn ásamt handbók um ungmennaráð. Formaður leggur til að ráðið stofni samráðsvettvang til að vinna hugmyndir að erindisbréfi. Stefnt að því að senda til sveitarstjórnar tillögu á maifund.

3. Hugmyndir að starfsáætlun 2021 (helstu verkefni ársins)

Formaður leggur til að það fari fram kynning fyrir krakkana í Félagsmiðstöðinni Klaustrið á starfsemi ungmennaráða. Stefnt að kynningu í lok maí. Svava Margrét ræðir við Fanndísi hjá Félagsmiðstöðinni varðandi hentuga tímasetningu og að bjóða 7. bekk á kynninguna.

Hitta sveitarstjórn í haust í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Þátttaka í viðburðum á vegum ungmennaráðs Suðurlands td. ráðstefnunni þeirra.

4. Önnur mál

Formaður vill vekja athygli á jafningjafræðslu og ætlar að kanna hvort Ungmennaráð Árborgar sé að fara af stað með styrkbeiðni til sveitarfélaga á Suðurlandi varðandi slíkt verkefni.

Fundi slitið: 16:46